

8. Eftirspil og fjórða tríó

9. Fjórða ljóð

Hjá blómunum sitjum við báðir um næturstund,  
og bikarinn tæmist — og fyllist þegar í stað.  
Það svífur á mig, nú fer ég og fæ mér blund,  
og farðu nú líka, vinur minn, gerðu það.  
Svo byrjum við aftur í bitíð á morgun strax,  
og blessaður hafðu þá lútuna góðu til taks.

(Helgi Hálfðánarson þýddi)

10. Fimmta tríó

11. Fimmta ljóð

Hjá hvílu minni um miðja nótt sér mánageislar leika.  
Mér finnst í svip ég hafa horft á hrím um akra bleika.  
Ég lyfti höfði hægt og sé á himni mánann skína.  
Ég halla mér og hugur ber mig heim í ættbyggð mína.

(Helgi Hálfðánarson þýddi)

12. Sjötta tríó

13. Póstlúdíá

Þessi fyrirtæki veita fjárstuðning til þessara tónleika m.a.:

*Olíufélagið Skeljungur hf.*  
*Prentstofa G. Benediktssonar hf.*  
*Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis*

Aðstandendur þessara tónleika þakka fyrirtækjunum veittan stuðning.

舉 牀  
頭 前  
望 明  
明 月  
月 光  
月 疑  
低 是  
頭 地  
思 上  
故 霜  
鄉

# TÓNLEIKAR

með verkum Jónasar Tómassonar

í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sunnudaginn 21. maí 1989 kl. 17.00

# EFNISSKRÁ

— SONATA XIX —

1. tilbrigði
2. dans
3. í kínversku tehúsi
4. aftur dans
5. enn eitt tilbrigði
6. eftirmáli
7. annar eftirmáli

Kjartan Óskarsson, bassaklarinett  
Hrefna Eggertsdóttir, píanó

— HLÉ —

— SONATA XVIII —

Porkell Jóelsson, horn

— CANTATA II —

Ljóð: Lí Pó (705-762) í enskri þýðingu Arthur Cooper

John Speight, söngur  
Inga Rós Ingólfssdóttir, selló  
Jónas Tómasson, altflauta  
Kjartan Óskarsson, bassaklarinett  
Porkell Jóelsson, horn

# CANTATA II

1. Prelúdía
2. Fyrsta tríó
3. Fyrsta ljóð

Mér dvaldist við skál, en svo sá ég að sól var hnigin,  
mín sumarskikkja var alstráð fallandi blómum;  
með læknum tæra í tunglsljósi reika ég heim,  
í tré kúrir fugl, það er rökkur um auðan stiginn.

(Helgi Hálfðánarson þýddi)

4. Annað tríó
5. Annað ljóð

Um sólsetur gekk ég niður af fjallinu með fjallsins tungl  
að félagu. Og ég leit um öxl yfir bláan veginn, bláan neðan  
við sjóndeildarhringinn. Þú tókst hönd mína, leiddir mig  
að kofa þínum, þar sem börn voru að leik, að grænum  
bambustrjám og leynistíg, með vínvið til að bursta fót  
ferðalangsins. Það gladdi mig að finna áningarstað  
og einnig gott vín til að njóta með þér. Við sungum ljóð,  
vindurinn í furunum, þar til, að loknum söng,  
Vetrarbrautin fölnaði. Ég var drukkinn, þú varst glaður,  
við höfðum báðir gleymt veröldinni.

(Lauslega þýtt)

6. Þriðja tríó og forleikur
7. Þriðja ljóð

Sólin hnígur, þokan umvefur blómin. Máninn hvítur  
sem silki grætur og sofnar eigi. Ég snerti ei meir  
Fönix-bönd á sítar Dsjás. Í stað þess leik ég á lútustrengi  
Sjú. Enginn getur ráðið merkingu þessa söngs.  
Hann berst með vorvindi alla leið til Jen-dsjan.  
Til þín, fjarri, handan við bláan himin, þín,  
sem ég eitt sinn leit augum, sem nú eru tárabrunnar.  
Ef þú trúir ekki að hjarta mitt bresti, komdu þá aftur  
og deildu með mér þessum bikar.

(Lauslega þýtt)